# Menningarsendingar og finnsk myndlist

## Finnsk samtímamyndlist að Kjarvalsstöðum

Myndlist
**Aðalsteinn Ingólfsson**

Eins og margar aðrar smáþjóðir, sem lifa í nábýli við stóra og volduga granna, hafa Finnar löngum haft þörf fyrir að fá aðrar þjóðir til að skrifa upp á víxil fyrir menningarlegu sjálfstæði sínu, meðal annars með því að flytja út finnska menningu. Þær þjóðir, sem veita henni viðtöku og njóta hennar, eru um leið að tryggja finnsku þjóðinni áheyrn um ókomna tíma.

Hámenningin, það er sú viðleitni hverrar þjóðar að skilgreina sjálfa sig í einarðri listsköpun, er hið sanna andlit hverrar þjóðar, ekki sú lágmenning sem hún innbyrðir erlendis frá og reynir síðan að pranga aftur upp á upphafsmenn hennar, sjá „Gleðibankamálið".

Framtíð hverrar þjóðar ræðst ekki síður af menningarlegum samskiptum en stjórnmálalegum. Út af fyrir sig er allt í lagi fyrir smáþjóð að brjóta ísinn með því að tefla fram fegurðardrottningu, fótboltamönnum eða einu eldgosi, en til að festa og dýpka vitundina um Ísland í hugum útlendinga þarf að fylgja slíkum uppákomum eftir með menningarsendingum sem hafa varanlegt gildi, rétt eins og Finnar gera að staðaldri.

Meðan tuttugu milljón króna „Gleðibanki" er gleymdur og grafinn eftir viku grópast sýning á verkum Louisu Matthíasdóttur, góð þýðing á Heimsljósi eftir Halldór Laxness eða söngur Kristjáns Jóhannssonar í huga þeirra sem máli skipta, og þar með hugmyndin um Ísland.

### Mala gull

Árleg menningarleg útrás frá Íslandi til einhverrar nágrannaþjóðar okkar mundi kosta snöggtum minna en oftnefndur „banki".

Ef einhverjum þykir þetta ekki nógu haldgóð röksemdafærsla má benda á að það má græða á menningu eins og öðru.

Útgáfa og sala á tónlist Sibeliusar hefur malað gull fyrir Finna og ótaldir finnskir tónlistarmenn hafa haft góðar tekjur af því að spila hana, og aðra finnska tónlist, víða um heimsbyggðina.

Grafík, hönnun og arkitektúr hafa líka reynst drjúg tekjulind fyrir Finna.

Tilefni þessa ívið langa formála er að sjálfsögðu finnska samsýningin „Attituder" eða Viðhorf, sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum.

Eins og nafnið bendir til er henni ekki ætlað að draga upp svipmynd af einni stefnu eða sjónarmiði í finnskri myndlist, heldur einmitt að sýna fjölbreytnina í henni, hin mörgu (og stríðandi) viðhorf.

Svona sýning er aldrei betri en bestu sýnendur. Hér eru á ferðinni margir hreint ágætir listamenn, skapmiklir, uppáfinningasamir og íhugulir.

Þegar ég legg þessa sýningu saman við þrjár aðrar stórsýningar á ungum myndlistarmönnum, sem ég hef séð í Finnlandi á síðustu átján mánuðum, tel ég mig geta fullyrt að hvergi á Norðurlöndum standi myndlistir með eins miklum blóma og í landi Finna.

### Finnsk verklagni

Hvaða viðhorf er hér svo um að ræða?

Myndsmiðurinn Marti Aiha býr sér til lítil „landsvæði" úr máluðum viði, bambusstöngum og öðrum tilfallandi efnum, af stakri verklagni.


Starfsbróðir hans, Kari Cavén, vinnur hins vegar að gerð allt að því mínímalískra verka sem gerð eru úr aðskotahlutum og af ísmeygilegri kímni.

Radoslaw Gryta er pólsk-finnskur mínímalisti sem hvorki hefur gefið hið maleríska né táknræna upp á bátinn.

Þeir Jussi Kivi, Risto Suomi og Timo Valjakka nota allir ljósmyndatækni en með mjög mismunandi hætti. Kivi raðar saman tindátum og öðrum leikfangafígúrum í ævintýralegar „senur" og ljósmyndar þær, rétt eins og hann væri að reyna að ná tangarhaldi á barnæsku sinni, meðan Suomi málar nostalgísk minni ofan í ljósmyndir.

Loks má kalla ljósmyndir Valjakkas, lítil geómetísk mynstur, sem komið er fyrir í blómabeðum, nokkurs konar rómantískan mínímalisma.

Í heildina séð eru þó þessir ljósmynda-listamenn veikasti hlekkur þessarar sýningar, og þá helst fyrir tilburði sína til viðkvæmni og fremur leiðigjarna nostalgíu.



Radoslaw Gryta – Minning frá Varsjá, tré, 1985.

### Mergjaðir málarar

Hins vegar er heilmikið slátur í finnsku listmálurunum. Þar sem þeir róa á expressjónísk mið eru þeir mergjaðir, bæði í formi og lit, eiga þó til ofur fínleg blæbrigði.

Leena Luostarinen málar gríðarstór og aðgangshörð skilirí af draumaveröld sem í fljótu bragði virðist af austrænum toga en Marika Mäkelä er á mörkum hins sýnilega og ósýnilega. Sjálf málningin er óhemju matarmikil, en mótífið fer sífellt undan í flæmingi.


Mari Rantanen samræmir mikilfenglega konstrúktífa burðarása og líflega myndfleti með aðdáunarverðum hætti, meðan Silja, nafna hennar, reynir að gefa til kynna óravíddir í málverki.

Raili Tang og Henry Wuorila-Stenberg eru síðan expressjónistar, sem gera út á innlönd mannsins.

Pekka Nevalainen er á blandaðri konsept línu, og virðist einhvern veginn utanveltu í þessum félagsskap, ekki síst fyrir það hve ósjálfstæður hann er.

Sýning Finnanna er upplyfting og góð til samanburðar. Meira af svo góðu, takk.

-ai



Mari Rantanen – Svartur sunnudagur, 1985.

# Foreldrum kennt og bent

**Nýtt líf, meðganga, fæðing og fyrsta árið.**
**Ritstjóri: Dr. David Harvey.**
**Þýðandi: Guðmundur Karl Snæbjörnsson.**
**Útgefandi: Örn og Örlygur.**
**240 bls. í stóru broti.**

Bókmenntir
**Solveig K. Jónsdóttir**

Meðganga og fæðing fyrsta barns er þvílík bylting í lífi foreldranna að góð handbók getur verið gulls ígildi. Hún er hlutlausari en vinir og vandamenn sem oft eru ósparir að miðla af sinni reynslu, góðri og slæmri, og hún er alltaf til taks, sem er ótvíræður kostur þegar spurningar vakna í tíma og ótíma. Nú er komin út á íslensku bókin Nýtt líf, meðganga, fæðing og fyrsta árið sem á frummálinu heitir A New Life, Pregnancy, birth and your child's first year. Þessi bók tekur áreiðanlega fram öllu því sem til er á íslensku, aðgengilegt almenningi um þetta efni, að minnsta kosti fannst mér þessi bók sú besta sinnar tegundar þegar ég sankaði að mér bókum um óléttu fyrir þrem árum og fékk amerískа útgáfu bókarinnar lánaða.

### Frá getnaði til sængurlegu

Nýtt líf var upphaflega gefin út í Englandi, rituð af fjölda manns undir stjórn Dr. Davids Harvey, og frá Englandi eru myndirnar í bókinni. Guðmundur Karl Snæbjörnsson þýddi Nýtt líf en fagfólk á ýmsum sviðum staðfærði og jók marga kafla bókarinnar. Þannig las dr. Gunnlaugu Snædal, yfirlæknir kvennadeildar Landspítalans, fyrstu átta kafla bókarinnar sem fjalla um lífið allt frá getnaði til sængurlegu móðurinnar. Barnalæknarnir Atli Dagbjartsson og Hörður Bergsteinsson lásu yfir kaflana um nýbura og ungbörn almennt, Pétur Lúðvígsson barnalæknir gaf góðar ábendingar við kaflann um heilsu barnsins og Halldór Hansen, yfirlæknir barnadeildar Heilsuverndarstöðvarinnar, staðfærði þann hluta bókarinnar sem fjallar um bólusetningu og smitsjúkdóma. Við auki um rétt barnsins, réttindi og skyldur foreldra var endurskrifaður af félagsráðgjöfum kvennadeildar Landspítalans, Svövu Stefánsdóttur og Maríu Þorgeirsdóttur.



Í fjórtán köflum Nýs lífs eru á skilmerkilegan hátt teknir fyrir efnisþættirnir: frjósemi og getnaður, móðir á meðgöngu, hið vaxandi fóstur, vandkvæði á meðgöngunni, undirbúningur fæðingar, fæðingin sjálf og vandamál henni tengd, sængurlega, nýfædda barnið, næring barnsins, ungbarnið heima og vandamál á fyrstu mánuðunum, fæða barnsins fyrsta árið, þroski barnsins og samskipti þess við fjölskylduna, slys, leiðarvísir að heilsu barnsins, réttindi og skyldur.

### Hispurslaus umfjöllun

Uppsetningin er öll mjög skipuleg og þó verðandi foreldrar séu líklegir til að lesa slíka bók spjaldanna á milli er mjög mikilvægt að auðvelt sé að fletta upp í bókinni. Því er aftast í henni ítarleg atriðaskrá. Fremst í hverjum kafla er vísað til mikilvægra atriða í öðrum köflum sem vert væri að lesa í samhengi. Þegar kvillar móður eða barns eru til umfjöllunar er þeim raðað upp í stafrófsröð í kaflanum svo að auðvelt er að slá þeim upp til að fullvissa sig um að algengt minni háttar vandamál sé á ferðinni eða að vissara sé að leita læknis. Og það er einmitt í slíkum stuðningi sem gildi bókar sem þessarar felst, að upplýsa foreldra á aðgengilegan og skipulegan hátt.

Nýtt líf hefur þann ótvíræða kost að vera skrifuð af heilsugæslufólki sem segir frá á hispurslausan og frjálslegan átt. Hún er ef til vill ekki bein andstæða bóka sem reyndar konur skrifa kynsystrum sínum til hugarléttis og fróðleiks því vanalega er í þeim bókum einnig að finna kafla eftir lækna og hjúkrunarfólk. En oft er nóg af reyndu fólki í kringum verðandi foreldra sem óðfúst miðlar af reynslu sinni og er mikill hugarléttir fyrir þá síðarnefndu að geta sest niður í ró og næði með bók, auðvelda aflestrar og skrifaða af skynsamlegu viti.

### Lítt staðfærðir

Það eina ankannalega við Nýtt líf eru innskotskaflar þar sem foreldrar segja frá reynslu sinni. Þeir eru lítt staðfærðir, fyrir utan nöfn fólksins. Áberandi er hve fullorðnir þessir bresku foreldrar eru orðnir, ekki síst þeir sem í bókinni segja frá fæðingu fyrsta barnsins, og ef til vill ekki rétt sannfærandi fyrir Íslendinga. En þetta er auðvitað ekki annað en sparðatíningur þegar annars vegar er bók með sérlega greinargóðum upplýsingum og lýsandi skýringarmyndum sem veitt geta ómetanlegan stuðning.

-SKJ